



Minnisblað fyrir menntaráð: Starfsáætlanir stofnana frístundadeildar

Forstöðumenn og verkefnastjórar við stofnanir frístundadeildar hafa skilað starfsáætlun fyrir sína starfsstöð fyrir árið 2023-2024. Stjórnendur fara eftir ákveðnum ramma við gerð starfsáætlunar sem unnin er saman á skipulagsdegi stjórnenda að vori.

Mat starfsáætlana félagsmiðstöðva Kópavogs

Skipulag starfsins, þar með talið faglegar áherslur og dag- og kvöldskipulag er birt í starfsáætlun. Starfsáætlun er svo lögð fyrir menntaráð til samþykktar.

1	Hagnýtar upplýsingar: sími, netfang, heimilisfang, opnunartími (dag- og kvöldopnun)	
2	Félagsmiðstöðvadaatal Setja inn mynd af félagsmiðstöðvadaatali 2023-2024	
3	Starfið í vetur - félagsmiðstöðvar - Gera grein fyrir áherslum í starfinu - Valáfangar sem forstöðumenn/starfsmenn sjá um í samstarfi við skólann - Miðstigsstarf - Lýsing á samstarfi við skóla Viðburðir í vetur - Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar - Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva - Viðburðir í samvinnu við skólann	
4	Hópastarf - Haft að leiðarljósi grunnstoðir Barnasáttmálans gr. 2, gr.3, gr. 6, gr. 12, og gr. 42, og Heimsmarkmiðin 3, 4, 5, 12 og 16.  - Gera grein fyrir sértæku hópastarfi - Félkó miðstöðin (hvernig mun hún nýtast í starfinu í vetur) - Félkó Hinsegin félagsmiðstöð - Félkó Velkomin (nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku) Sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar (gera stuttlega grein fyrir) - Hvernig er það uppbyggt - Hugmyndir fyrir næsta sumar?	



5	Barna og unglingaráð (Hverjir sitja í ráðinu og hvernig er það skipulagt) – Félagsmiðstöðvaráð – Miðstigsráð – Félkó ráð – Ungmennaráð Kópavogs – Ungmennaráð Samfés (ef unglingar frá ykkur eru í því)	
6	Foreldrasamstarf – Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um starfið	
7	Gera grein fyrir verkefnum/áherslum í starfi tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar;	
8	Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva – Móttaka nýrra starfsmanna – Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar – Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tobaks, áfengis eða annarra vímuefna. – Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika) – Öryggisgátlisti – Gátlistar í sértæku hópastarfi – Handbók um starfið – Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)	
9	Ytra og innra mat – Ytra mat framkvæmd – Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum	
10	Símenntunaráætlun – Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk eru skipulögð af frístundadeild og félagsmiðstöðvar hálfu	
11	Fjöldatölur -Fjöldatölur settar fram fyrir hvern mánuð á síðasta starfsári (ágúst-júlí)	
12	Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	
13	Annað sem varðar starfsemina	
	Almenn umsögn: Verkefnastjóri/deildarstjóri frístundadeildar fyllir út	



Styrkleikar

Eins og áður er lögð áhersla á að tengja áfram starf stofnana frístundadeildar við greinar Barnasáttmálans og heimsmarkmiðana, og þá sérstaklega horft til eftirfarandi greina.



Félagsmiðstöðvar Kópavogs sinna markvissu og öflugu frístunda- og forvarnarstarfi sem tengist beint og óbeint greinum Barnasáttmálans og greinum Heimsmarkmiðanna. Sérstækt hópastarf er orðið hluti af starfi félagsmiðstöðvanna og í aðgerðaráætlun Menntastefnu M.5.1 (Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi) er verkáætlun sem snýr sérstaklega að því að auka þátttöku barna í sértæku hópastarfi með það að markmiði að bæta líðan og auka virkni þátttakenda. Hér fyrir neðan má sjá þær aðgerðir sem snú að starfi félagsmiðstöðva.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglunga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Meginmarkmið með sértæku hópastarfi er að virkja unglunga til þátttöku í skipulögðum verkefnum og hjálpa þeim að takast á við félagslegar aðstæður. Slíkt starf hefur mikið forvarnargildi og nauðsynlegt mörgum unglingum til að þeir standi styrkari fótum í lífinu.

Mælingar á sértæku hópastarfi

Í aðgerðaráætlun 2022 var byrjað að þróa mælingar á sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðvum Kópavogs. Í samstarfi við sérfræðinga á stjórnsýslusviði og



menntasviði Kópavogsbæjar er búið að gera spurningarlista sem ætlaður er að mæla hvort þátttaka í sértæku hópastarfi hafi jákvæð áhrif á sjálfsmynd, félagslega færni og líðan þeirra sem taka þátt í starfinu. Um er að ræða sértækt hópastarf fyrir unglinga í 8. – 10. bekk. Fyrstu mælingar fóru fram yfir sumartímann. Nemendur í sértæku hópastarfi fylltu út í upphafi og lok hópastarfsins spurningarkönnun. Tilgangur könnunar var að mæla árangur af sértæku hópastarfi. Hóparnir voru valdir af starfsfólki félagsmiðstöðva í samvinnu við skóla eða aðra aðila sem koma að málefnum barnsins. Niðurstöður mælinga voru umfram björtustu vonum en sem m.a. kom fram var að líðan þátttakenda jókst og áhugi fyrir því hvernig öðrum líður (samhygð), einnig var áhugavert að sjá að þeir sem tóku þátt virtust upplifa minni kvíða í lokin. Ætlunin er að lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10. bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi. Mælingar verða í febrúar ár hvert og yfir sumartímann.

Fyrir neðan er gerð grein fyrir þeim þáttum sem á að mæla;

1. Í öllu sértæku hópastarfi er verið að vinna með **sjálfsmynd** unglinga hvort sem hópurinn er félagslega einangraður eða sýnir af sér áhættuhegðun. Því þykir okkur mikilvægt að geta mælt hvort hópastarfið er að styrkja sjálfsmynd unglinganna.
2. Unnið er með **félagslega færni** unglingana í hópastarfinu hvort sem hópurinn er félagslega einangraður eða sýnir af sér áhættuhegðun. Okkur þykir mikilvægt að geta mælt hvort félagsleg færni unglinganna hafi tekið framförum.
3. Mikilvægt er að skoða **líðan** unglinganna fyrir og eftir hópastarfið. Einnig höfum við áhuga á að skoða **samhygð** þar sem við teljum hana mikilvæga í félagslegu samhengi.



Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnunum, þar sem tekið er sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með



einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun. Félkó miðstöðin hlaut til að mynda viðurkenningu Kópsins árið 2023 og verður gaman að sjá þróun á þessari miðlægu félagsmiðstöð halda áfram á komandi starfsári.

Hrafninn og Höfuð-borgin

Frístundaklúbburinn **Hrafninn** í dag þjónustar börn úr öllum grunnskólum Kópavogs. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf við grunnskólana hefur þróast undanfarin ár og þá með hliðsjón af reglulegum teymsifundum innan skólanna. Aukið samtal og samstarf við grunnskóla talar vel við ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar sem meginmarkmið laganna er að veita foreldrum og börnum aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi án hindranan. Hrafninn er mikilvæg þjónusta sem snýr að því að veita börnum með fötlun viðeigandi stuðning. Dagskrá Hrafnisins er fjölbeytileg og frábært að sjá það samstarf sem haft er við aðrar stofnanir í bænum til að mynda, sundlaugar og íþróttahús í Kópavogi sem stuðlar að aukinni hreyfingu barna sem Hrafninn sækja. Þátttaka unglunga sem Hrafninn sækja í starf félagsmiðstöðva og viðburða og ferða á vegum þeirra eins og sjá með þátttöku á Landsmóti Samfés, en það er gríðarlega mikilvægt að veita unglingum með fötlun aðgengi annarri afþreyingu og skipulögðu frístundastarfi sem aðrir jafnaldrar þeirra sækja hafi þau áhuga á því.

Höfuð-borgin er sértæk félagsmiðstöð sem komið var á haustið 2022. Þjónustan heyrir undir velferðarsvið en er tímabundið á frístundadeild menntasviðs sökum ýmissa þátta á velferðarsviði. Frá því að þjónustan fór af stað hefur ungmennum sem nýta sér þjónustuan þrefaldast. Í upphafi voru ungmennin 5, en í dag eru það 17 ungmenni sem sækja þjónstuna. Höfuð-borgin er ætluð fötluðum ungmennum sem hafa lögheimili í Kópavogi. Ánægjulegt er að sjá hvernig þjónustan hefur þróast á þann hátt að hún mætir mjög fjölbreyttum hóp fatlaðra ungmenna. Í Höfuð-borginni er til að mynda ungmenni sem þurfa aðstoð við allar daglegar athafnir og notast við hjólastól sem kallar á þekkingu starfsmanna á ýmsum hjálpartækjum til að mæta þörfum ungmennanan. Síðan er hópur ungmenna sem sækir Höfuð-borgina til styrkja sig félagslega og þurfa aðstoð við að sýna frumkvæði í eigin lífi. Hópurinn er fjölbreyttur er en það frábært að sjá hversu mikill metnaður er lagður í að mæta þörfum hvers og



eins svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Ungmenning koma að skipulagi og dagskrá og hafa áhrif á starfið. Kvöldstarf er orðinn fastur liður þar sem boðið er upp á skipulagða dagskrá í samvinnu við ungmennin sem hefur gefist mjög vel en bæði ungmenni sem nýta sér dagopnun Höfuð-borgarinnar hafa nýtt sér þessar auka opnanir, en einnig erum við að taka á móti ungmennum sem hafa ekki eins miklar stuðningsþarfir en sækja kvöldstarfið. Boðið er upp á skemmtilega viðburði líkt og böll, bingókvöld eða annað sem ungmennin kjósa sér. Einnig er gaman að segja frá því að Höfuð-borgin hlaut viðurkenningu Kópsins árið 2023 fyrir framúrskarandi frístundastarf í þágu fatlaðra ungmenna í Kópavogi.

Molinn Miðstöð unga fólksins

Í starfsáætlun Molans verður lögð áhersla á að innleiða þær breytingar sem samþykktar voru í Bæjarstjórn Kópavogs þann 11.apríl 2023. Helstu verkefni er m.a. að koma á og mynda tengingu og samstarf m.a. við félagsmálafulltrúa og nemendaráð Menntaskólans í Kópavogi, ná samtali við forstöðumenn félagsmiðstöðva í Kópavogi í þeim tilgangi að koma betur auga á nemendur í 10.bekk sem gætu nýtt sér þjónustu Molans strax á nýju ári. Með auknu samstarfi og samtali við eftirfarandi aðila þá náum við betur til þeirra hópa/einstaklinga sem við viljum að nýti sér þjónustu Molans. Einnig munum við skoða að eiga samtal við Rauða Kross Íslands í þeim tilgangi að ná betur til ungs fólks af erlendum uppruna. Auk þess eru 4 ungmenni í tímavinnu í Molanum á kvöldin og taka þau þátt í að móta starfið og dagskrána. Þau sjá meðal annars um skipulag á viðburðum, smíðjum og kynningu á starfsemi Molans.

Skapandi verkefni Molans

Umsjónarmaður skapandi verkefna er nýtt starf í Molanum. Umsjónarmaður ber ábyrgð á og skipuleggur skapandi störf með ungu fólki í samvinnu við verkefnastjóra í Molanum Miðstöð unga fólksins. Hann annast þátttöku, leiðsögn og skipulagningu á verkefnum, námskeiðum, sýningum og viðburðum tengt list-, menningu- og nýsköpun fyrir ungt fólk aldrinum 16-25 ára, og er með aðstöðu í Miðstöð unga fólksins. Einnig mun umsjónarmaður skapandi verkefna vinna í nánú samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi í tengslum við viðburði, sýningar og fleira. Komin er námskeiðsáætlun og viðburðadagatal til að efla og gera skapandi starf ungs fólks sýnilegra og markvissara í Kópavogi. Á döfinni er m.a. málningarsmiðja, saumasmiðja, tónlistarsmiðja og fyrirlestur og textasmiðja frá Reykjavíkurdætrum. Stærri viðburðir verða unnir með ungmennunum sjálfum og er hugmyndin að vinna áfram í anda skapandi sumarstarfa þar sem ungu fólki gefst tækifæri til að taka þátt í viðburðum tengt list, menningu og nýsköpun og hafi aðstöðu í Molanum til að sinna listsköpun. Umsjónarmaður mun einnig vinna markvisst að góðu kynningarefni og auglýsingum til að setja á samfélagsmiðla, MEKÓ síðuna og aðra miðla til upplýsinga fyrir ungt fólk og bæjarbúa í Kópavogi. Í Molanum er einnig gott stúdíó sem ungmenni hafa aðgengi að og er vel sótt í dag. Stúdíóið er hægt að nýta eins og hentar í samvinnu við starfsmenn Molans. Þegar boðið verður upp á tónlistarsmiðjur mun stúdíóið koma að góðum notum og verður áfram markvisst unnið að því að kynna þá aðstöðu fyrir ungu fólki í sveitarfélaginu.

Umsjónarmaður skapandi verkefna hefur einnig lagt inn umsókn í Lista- og menningarsjóð Kópavogsbæjar, með það að markmiði að Molinn sameini krafta sína með öðrum stofnunum bæjarins sem vinna að því að skapa vettvang og styðja ungt fólk til listsköpunar. Haldin hafa verið svo kölluð tilraunakvöld viðburðir sem að heppnuðust einstaklega vel hjá okkur í sumar þar sem að ungu sviðslistafólki var boðið að koma og sýna efni sem ennþá var í vinnslu og fá viðbrögð áhorfenda. Þetta reyndist mjög nýtsamlegt fyrir listamennina og frábær skemmtun fyrir áhorfendur, tilraunakvöldin voru tvö og bæði vel sótt. Í vetur langar okkur að bjóða áfram



upp á tilraunakvöld en einnig geta haldið kvöld með áherslu á ákveðin listform. Þar má nefna sér kvöld tileinkað sviðslistum, tónlist og uppistandi. Í Molanum er frábær aðstaða til að halda slíka viðburði en einnig værum við til í að halda viðburði innan Menningarhúsanna ef það er mögulegt. Tónleikar, leikrit, leiklestrar, upplestrar, danssýningar og fleira. Til að geta hrint verkefnum í framkvæmd á næsta starfsári var sótt um styrk frá Lista og menningarsjóði Kópavogs. Með styrknum er það okkar von að við getum betur mætt ungu fólki með viðburði, aðstoðað þau við skipulag á verkefnum sem þau vinna að, og aukið sýnileika lista- og menningar fyrir ungu fólki í samstarfi við Menningarhúsin. Eitt af markmiðunum með verkefninu er að efla lista og menningarlíf ungs fólks, styrkja starf Molans og Menningarhúsanna í Kópavogi og skapa vettvang þar sem ungt fólk fær tækifæri til þátttöku í fjölbreyttu lista og menningarlífi, ásamt því að bjóða upp á námskeið, smíðjur, fræðsluerindi sem styður þau og styrkir í sinni listsköpun. Verkefnið talar einnig vel við heimsmarkmiðin sem Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða í stefnu Kópavogsbæjar.



Á döfinni

Molinn mun leggja áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt starf sem höfðar til fjölbreytts hóps ungmenna. Stór hluti starfsemi Molans mun flokkast undir opið frístundastarf en einnig verður mikil áhersla lögð á hópastarf. Hóparnir geta verið fjölbreyttir og margir og munum við vinna að því í sameiningu með ungmennum sem starfa hjá Molanum að stofna til hópa þar sem áhuginn er mestur og eftirspurn er eftir. Einnig er unnið að því að koma á húsráði Molans til að auka sem mest lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Sömuleiðis mun Ungmennaráð Kópavogsbæjar funda í Molanum í vetur, til að tengja fulltrúa ungmennaráðsins betur við þá starfsemi sem Molinn býður upp á og innleiðingu á þeim breytingum á þjónustu sem samþykktar voru sl. ár. Verið er að skoða samstarf við Rauða krossinn og áframhald á verkefninu **Velkomin** til að ná til ungs fólks með íslensku sem sitt annað móðurmál. Búið er að eiga fund með félagsmálafulltrúa MK. Í samtali við MK er verið að skoða að Leikfélag MK muni nýta sér aðstöðu í Molanum og jafnvel unnið verkefni í samvinnu við umsjónarmann skapandi verkefna. Nemendaráð MK mun funda í Molanum á næstunni með verkefnastjóra Molans, en áhugi er fyrir því að nemendaráð MK komi einnig að skipulagi dagskrár og viðburða í húsinu, félög eins og Morfís og Gettu betur lið MK hefði einnig æfingaaðstöðu í húsinu í samvinnu við starfsfólk Molans. Staðið verður að nýnemakynningu fyrir alla 1.árs nema í MK í haust þar sem starfsemi og þjónusta Molans verður kynnt og hlutverk starfsmanna í húsinu.

Áhersla verður á að ná til nemenda og foreldra í 10.bekk í samstarfi við félagsmiðstöðvar og grunnskóla í Kópavogi. Mikilvægt er að ungt fólk og viti af þeirri þjónustu sem er í boði í Molanum og hvaða afþreyingamöguleikar og þjónusta er í boði í sveitarfélaginu fyrir ungt fólk. Unnið er að gerð kynningamyndbands sem hægt er að deila á samfélagsmiðlum og nota í tengslum við kynningar á starfseminni. Foreldrabréf verða einnig sent á foreldra/forsjáráðila allra nemenda í 10.bekk og 1.árs nema í Menntaskólanum í Kópavogi.



Verkefnastjóri ásamt starfsfólki Molans mun í samstarfi við forstöðumenn félagsmiðstöðva heimsækja nemendur í 10.bekk á næstunni og kynna þeim þá þjónustu sem Molinn býður upp, einnig verður lagt upp með sérstakar opnanir fyrir nemendur í 10. bekk. Unnið verður áfram að þróun valáfanga í samvinnu við grunnskóla Kópavogs með áherslu á þátttöku í starfsemi Molans. Nemendur í 10.bekk fá þá tækifæri á að kynnast starfsemi Molans, hvernig frístundastarf fyrir 16+ virkar og undirbúning til þátttöku í félagslífi Molans og framhaldsskóla eftir að grunnskólagöngu lýkur. Molinn verður áfram í virku samstarfi við samtökin Samfés og stefnt er á að Molinn eigi fulltrúa í ráði Samfés+. Deildarstjóri frístundadeildar og sviðsstjóri menntasviðs áttu nýverið fund með framkvæmdastjóra og verkefnastjóra Samfés þar sem þeim voru kynntar þær breytingar sem verið er að innleiða í Molanum. Fundurinn var gagnlegur og sammæli um að halda áfram samstarfi og samvinnu með hliðsjón af 16+. Molinn mun eiga frumkvæði að í samvinnu við Samfés að standa að samstarfsfundum með aðilum sem sinna sambærilegri þjónustu í nágretta sveitarfélögunum, með því er að hægt að styrkja samstarfið og skiptast á góðum verkefnum í þágu ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðgjafa og stuðningsþjónusta

Unnið er að ráðningu ráðgjafa ungmenna. Í samvinnu við skólaþjónustu grunnskóladeildar og verkefnastjóra Molans og aðra starfsmenn Molans verður á næstunni boðið upp á starf þar sem áhersla verður lögð á að ná til nemenda sem glíma við skólasóknarvanda, í góðri samvinnu við foreldra. Þegar ráðningu ráðgjafa ungmenna er lokið, þá mun sá starfsmaður koma með markvissum hætti inn í skóla- og félagsmiðstöðvar og vera sýnilegur bæði starfsfólki og nemendum ásamt því að veita stuðning og ráðgjöf í Molanum Miðstöð unga fólksins. Í samvinnu við **Bergið-Headspace** verður lögð áhersla á að kynna vel þá ráðgjafaþjónustu sem Bergið mun bjóða uppá. Markmið með samstarfinu er að styrkja starfsemi er snýr að ráðgjafa- og stuðningsþjónustu í Molanum Miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins-Headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins-Headspace yrði ungmennum að kostnaðarlausu og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og hugmyndafræði Bergsins-Headspace snýst um. Horft er til þess að ráðgjafi á vegum Bergsins-Headpace muni hafa viðveru í Molanum-Miðstöð unga fólksins að jafnaði einn dag í viku frá kl. 09.00-12.00. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára, geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjafi hlustar, metur vandann, veitir stuðning og fræðslu og ráðgjöf um þjónustu í sveitarfélaginu. Ráðgjafi vinnur í gegnum viðtöl með ungmenni og ef þörf er á, aðstoðar viðkomandi við að komast í meðferð eða að fá viðeigandi aðstoð annars staðar. Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Köru Connect, ekki er um að ræða meðferð heldur ráðgjöf og snemmtæka íhlutun. Markmið Bergsins-Headspace er að veita stuðning og ráðgjöf fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks, aðlaga þjónusta og veita fræðslu sem snýr að þeirra þörfum hverju sinni.

Lýðræðisleg þátttaka

Stofnanir frístundadeildar leggja mikið upp úr því að vinna með lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna. Til að mynda eru starfandi unglingaráð í hverri félagsmiðstöð og barna- og unglingaráð í Hrafninum og ráð ungmenna í Höfuð-borginni. **Félkóraráð** er ráð þar sem tveir fulltrúar úr hverri félagsmiðstöð sitja í. Hlutverk ráðanna er að koma að skipulagningu á dagskrá, almennu starfi og viðburðum félagsmiðstöðvanna. Í gegnum



Þátttöku í ráðunum læra unglingarnir lýðræðisleg vinnubrögð, virðing er borin fyrir skoðunum þeirra og þau læra að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, sem og eru unglingaráðin vettvangur sem veitir þeim frelsi til að deila og koma sýnum hugmyndum á framfæri. **Ungmennaráð Kópavogsbæjar** er svo formlegt ráð Kópavogsbæjar þar sem grunnskóli og félagsmiðstöð tilnefna sameiginlegan fulltrúa síns skóla í ráðið, Menntaskólinn í Kópavogi tvo fulltrúa og ungmennahúsið tilnefnir sömuleiðis fjóra fulltrúa í ungmennaráðið. Í **Ungmennaráði Samfés** sitja svo fulltrúar frá Kópavogi. Kosið er á Landsmóti Samfés sem eru samtök allra félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi.

Samstarf við grunnskóla

Góð félagsmiðstöð getur gert skóla enn betri þar sem trú á einstaklinginn er í fyrirrúmi. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf skóla og félagsmiðstöðva hefur þróast í jákvæða átt undanfarin ár. Reglulegir samráðsfundir eru haldnir með annað hvort deildarstjóra unglingastigs, námsráðgjafa eða aðstoðarskólastjóra til að fara yfir líðan nemenda og skipulagningu sameiginlegra viðburða.

Aðilar veita upplýsingar eftir þörfum allt með það að leiðarljósi að bæta líðan nemenda. Auk þess sjá starfsmenn flestra félagsmiðstöðva um valáfanga og/eða koma að því að aðstoða í valáföngum skólans á einn eða annan hátt. Með góðri samvinnu grunnskóla- og frístundadeildar á menntasviði sem og með innleiðingu farsældarlaganna er ánægjulegt að sjá hversu mikið og öflugt samstarf er á milli skóla og félagsmiðstöðvar allt með það að markmiði að mæta þörfum nemenda á sem bestan hátt.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Sumaropnun félagsmiðstöðva er orðin fastur liður í starfi félagsmiðstöðvanna. Undanfarin þrjú sumur hafa félagsmiðstöðvarnar í góðri samvinnu við Vinnuskóla Kópavogs unnið að gerð verkferla og gátlista til að gera samstarfið enn skilvirkara og skýrara á milli stjórnenda félagsmiðstöðva og Vinnuskóla Kópavogs. Markmiðið með samstarfinu er að bjóða nemendum í 8.-10.bekk í öllum grunnskólum Kópavogs fjölbreytt og skemmtileg sumarstörf í félagsmiðstöðvunum, sem taka mið af þörfum og getu hvers og eins. Störfin eru af ýmsum toga, en áhersla hefur verið lögð á að ná sérstaklega til nemenda sem eru félagslega einangraðir eða þurfa að styrkja sig á einhvern hátt félagslega. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa líka tekið þátt í gegnum verkefnið **Velkomin** sem verður betur skýrt hér að neðan. Unnið er bæði með hópa og einstaklinga í starfi félagsmiðstöðvanna og er það okkar trú að þetta samstarf er afar mikilvægt og þarft til að mæta mismunandi þörfum unglinganna. Störfin sem unglingarnir vinna eru af ýmsum toga, allt frá því að þróa notkun á VR búnaði í starfi félagsmiðstöðvanna, rækta hæfileika sína á sviði listsköpunar sína eða taka þátt í útivistarhópi þar sem útivist og göngur eru kynntar ungu fólki í nærumhverfi þeirra.

Velkomin námskeið

Verkefnið Velkomin er samfélagsverkefni fyrir börn í Kópavogi á aldrinum 10-18 ára sem hafa annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með



einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Á sama tíma er markmiðið að fræða börn með íslensku sem móðurmál um fjölmenningu. Sú fræðsla fer fram að mestu í gegnum jafningjafræðslu. Þátttakendur fá sömuleiðis íslenskukennslu í gegnum óformlegt nám á meðan á námskeiði stendur. Velkomin verkefnið er samstarf frístunda- og grunnskóladeildar á Menntasviði Kópavogsbæjar og hefur verið starfrækt frá árinu 2018. Í dag er verkefnið starfrækt í samstarfi við alla 9 grunnskóla og félagsmiðstöðvar Kópavogsbæjar. Heildarþátttökufjöldi árið 2023 var 106 börn. Þjóðernin á námskeiðinu voru 20 og tungumálin 25. Þátttakendum í Velkomin hefur fjölgað mikið á milli ára, eða úr 42 þátttakendum árið 2021 í 68 þátttakendum árið 2022, og nú árið 2023 var heildarfjöldi þátttakenda 106. Í gegnum Velkomin býðst foreldrum og börnum kostur á að fá kynningu á því frístunda- og íþróttastarfi sem er í boði í þeirra hverfi. Horft er sérstaklega til þess að ná til foreldra af erlendum uppruna og koma auga á börn í viðkvæmri stöðu. Velkomin verkefnið hefur þannig tryggt að samstarf og þjónusta allra aðila sem vinna að hagsmunum barna með annað móðurmál en íslensku í sveitarfélaginu sé skýrum farveg, og að foreldrar þeirra barna sem áður hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Símenntunaráætlun og verkferlar

Stofnanir frístundadeildar leggja metnað og veita svigrúm til fræðslu og þjálfunar til starfsfólks. Mikilvægt er að efla starfsfólk í starfi og auka bæði þekkingu og fagmennsku. Símenntunaráætlun er gefin út á hverju hausti þar sem starfsfólki gefst tækifæri á að fá fjölbreytta fræðslu allt með það að leiðarljósi að styrka starfsmenn í starfi. Velkomin til starfa er fastur liður í að taka móti starfsfólkinu á haustin og veita þeim undirbúning og fræðslu fyrir komandi starfsár. Unnið var með tillögur frá skipulagsdegi hlutastarfmanna sem haldin er á vorin. Í ár var unnið með smiðjur sem snéru að kynning á frístundadeild, verkferla og leiðbeiningar í starfi, útivaktarhandbók, skipulag viðburða, þátttaka í Félkó miðstöðinni (Hinsegin félagsmiðstöð, Velkomin opnanir, D&D opnanir) og fræðsla og leiðsögn um sértækt hópastarf. Unnin er svo fræðsluáætlun fyrir allar stofnanir frístundadeildar fyrir hvern mánuð þar sem starfsfólk tekur fyrir eftirfarandi málefni til umræðu í gegnum samtal, hópastarf eða aðra vinnu í ár var ákveðið að leggja áherslu á hinsegin fræðslu, fjölmenningsfræðslu og kynlífsfræðslu í tengslum við Viku 6. Reglubundin og markviss þjálfun og endurmenntun er mikilvæg til að gera bæði starfsfólk öruggara í starfi sem og gera starfið faglegra og skemmtilegra. Í símenntunaráætlun er einnig gert ráð fyrir verkfærakistudögum þar sem starfsmenn fá tækifæri á að kynna sitt starf og þannig er hægt að skiptast á góðum verkefnum og hugmyndum.

Verkferlar frístundadeild

Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar vinna og endurskoða verkferla, leiðbeiningar og gátlista sem stjórnendur og starfsfólk vinna eftir. Hér fyrir neðan má sjá nokkra af þeim verkferlum, leiðbeiningum og gátlistum sem stofnanir frístundadeildar vinna eftir.



- Verkferlar frístundadeildar. Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikastráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Gátlisti vegna sértæks hópastarfs
- Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensu
- Gátlisti vegna eineltis
- Verklagsreglur ef grunur vaknar um ofbeldi í stofnunum menntasviðs

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2023-2024

Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
23. ágúst Kl 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <u>Bóli</u> <u>Útivaktir</u> <u>Sértækt hópastarf</u> <u>Nýir starfsmenn</u> <u>Tilkynning til barnaverndar</u> <u>Frístundadeild</u>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25. ágúst Kl. 19.00-20.00	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði 😊	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálp.	<u>Skyndihjálp</u>	Fræðsluvefur Kópavogsbæjar	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október Kl. 17.00-19.00	Hinsegin fræðsla- Hinsegin vika í tengslum við <u>Forvarnarvikuna</u> .	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Samtökin 78
6.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfræðakistu- Dagur Spillasmiðja Brjóstsykursgerð Föndur D&D	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	<u>Félkó</u> -miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4.desember	Fræðsla- <u>Farsældarlöging</u>	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð í innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar kl. 17.00-19.00	Sjálfsvarnar- <u>námskeið</u>	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar kl. 10.00-11.00	Stjórnendafræðsla.	Árangur í <u>teymisvinnu</u> .	Fannborg 2, fundarherbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5. og 7.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi <u>Rvk</u> borgar og <u>Samfés</u> .
4.mars kl. 17.00-19.00	Verkfræðakistu- dagur.	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	<u>Félkó</u> -miðstöðin.	Allir starfsmenn



Fræðsluáætlun fyrir unga fólkið!

Fræðsluerindi	Mánuður
Forvarnarvikan	Október
Fjölmenning	Nóvember
Hinsegin málefni	Janúar
Kynfræðsla-Vika 6	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi/Samfestingur	Mai

Tækifæri til úrbóta og annað

Samstarf við foreldrarölt og foreldrafélög

Samstarf við foreldrarölt eða foreldrafélög mætti vera markvissara og öflugra, en það er ánægjulegt að sjá á sumum starfsstöðum hversu öflugt það samstarf er orðið. Þetta er þáttur sem frístundadeild telur mikilvægt að gert sé betur. En í samvinnu við Samkóp stjórn foreldrafélaga í Kópavogi er stefnt að því að efla það samstarf enn betur.

Stuðningur við unglunga með fötlun til þátttöku í starfi félagsmiðstöðva

Í aðgerðaráætlun menntastefnu 2022 fór af stað þróunarverkefni til að styðja betur við unglunga með fötlun til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvanna. Undirbúningur og þróun verkefnis hefur gengið vel en í upphafi var ákveðið að vinna verkefnið í samvinnu við þá grunnskóla sem hafa sérdeildir. Varðandi þróun á verkefninu þá er mikilvægt að horfa til þess að geta boðið fleirum en bara nemendum úr sérdeild grunnskóla til að taka þátt í starfinu með stuðning. Börn glíma við margvíslegar áskoranir í sínu lífi. Með þessu verkefni höfum okkur tekist að koma betur til móts við fjölbreytt hóp barna sem þarf á einhverjum stuðningi að halda til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvanna.

Eftirfylgni frístundadeildar

Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar funda aðra hverja viku með öllum forstöðumönnum frístundadeildar þar sem starfið er rætt og samræmt, og upplýsingar veittar. Skipulagsdagar með stjórnendum frístundadeildar eru svo haldnir að hausti og vori, auk þess er skipulagsdagur fyrir allt hlutastarfsfólk þar sem stjórnendur frístundadeildar eiga uppbyggilegt og gott samtal við starfsfólk deildarinnar þar sem starfsárið er rýnt og umræða um hvað gengur vel og hvar eru tækifæri til að gera betur. Frístundadeildin heldur svo utan um skipulagningu á símenntunaráætlun og sér um að bóka fræðsluerindi og skipuleggja. Verkefnastjóri frístundadeildar í samvinnu við deildarstjóra styður svo forstöðumenn stofnana frístundadeildar með ýmiskonar fræðsluefni til að nota í tengslum við fræðsluáætlun félagmiðstöðvanna, Hrafningsins, Höfuð-borgarinnar og Molans Miðstöð unga fólksins. Auk þess sitja forstöðumenn í vinnuhópum í tengslum við verkefni sem frístundadeild ber ábyrgð á í tengslum við aðgerðaráætlun menntastefnu. Með þátttöku stjórnenda í verkefnum tengt aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar er það mat deildarstjóra að stjórnendur og starfsfólk tileinki sér betur að vinna eftur menntastefnu



bæjarins. Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar boða vinnuhópa reglulega á fundi og haft er samráð um þróun, útfærslur og fyrirkomulag á þeim verkefnum sem unnið er að í tengslum við Menntastefnu Kópavogsbæjar. Frístundadeildin leggur áherslu á góða vinnustaðarmenningu, góða líðan og ánægju starfsmanna. Á hverju ári eru starfsmenn boðnir sérstaklega velkomnir til starfa, þar þeim eru kynntar helstu áherslur í starfi og unnið með gott hópefli til að þetta starfsmannahópin saman fyrir komandi starfsár. Deildarstjóri og forstöðumenn stofnana frístundadeildar bjóða svo starfsfólki upp á starfsmannasamtal 1x á ári þar sem starfsfólkið fær tækifæri á að ræða um líðan sína, þróun í starfi og annað sem tengist starfi þeirra. Einnig er starfsfólki boðið að taka þátt í vinnustaðargreiningu hjá mannauðsdeild bæjarins. Deildarstjóri hefur einnig boðið stjórnendum umhyggjusamtal þegar þörf er á, þar sem mætið er að starfsmaður og stjórnandi finni í sameingu leiðir til vellíðunar. Niðurstöður samtalins eru teknar saman og fylgt markvisst eftir og í framhaldi er hisst aftur eftir tiltekinn tíma og farið yfir stöðuna. Að mati deildarstjóra hefur þetta reynst mjög vel og eitthvað sem deildarstjóri mun vera vakandi fyrir að hafa í huga varðandi umhuggju fyrir stjórnendum deildarinnar.

Virðingarfyllst,
Amanda K. Ólafsdóttir
Deildarstjóri
Frístundadeildar

Viðauki;

Sameiginlegt dagatal félagsmiðstöðva, viðburðadagatal Félkó og dæmi um dagskrá félagsmiðstöðvar.



Félagsmiðstöðvadaatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Fristundadeild Kópavogsbæjar


JULÍ '24		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M		1 F	Opb	1 S		1 M	Norði Youth Month / Miðmánaðagur	1 F		1 M	Þriðjudagur	1 F		1 F	Opb - Skrifstofa Félis	1 M	Annar / Hátíðin	1 M	Þriðjudagurinn	1 L	
2 Þ		2 L		2 M	Þriðjudagurinn	2 F		2 L		2 Þ	Miðinn	2 F	Þriðjudagurinn	2 L	Skrifstofa Félis	2 Þ	Þriðjudagurinn	2 F		2 S	
3 M		3 S		3 Þ	Þriðjudagurinn	3 F		3 S		3 M		3 L		3 S	Skrifstofa Félis	3 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	3 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	3 M	Samfundsgætt / Samfundshelga
4 F		4 M		4 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	4 L		4 M		4 F		4 S		4 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	4 F		4 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	4 Þ	
5 F		5 Þ	Þriðjudagurinn	5 F		5 S		5 Þ	Þriðjudagurinn	5 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	5 M		5 Þ	Þriðjudagurinn	5 F		5 S		5 M	
6 L		6 M		6 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	6 M		6 L		6 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	6 Þ	Þriðjudagurinn	6 M		6 L		6 M		6 F	
7 S		7 F		7 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	7 Þ	Þriðjudagurinn	7 S		7 S		7 M	Þriðjudagurinn	7 F		7 S		7 Þ	Þriðjudagurinn	7 F	
8 M		8 F		8 S	Samfundsgætt / Samfundshelga	8 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	8 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	8 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	8 F		8 F		8 M		8 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	8 L	
9 Þ		9 L		9 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	9 F		9 L		9 Þ	Þriðjudagurinn	9 F		9 L		9 Þ	Þriðjudagurinn	9 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	9 S	
10 M		10 S		10 Þ	Þriðjudagurinn	10 S		10 M		10 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	10 S		10 S		10 M		10 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	10 M	
11 F		11 M		11 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	11 L		11 M		11 F		11 S		11 M		11 F		11 L		11 Þ	
12 F		12 Þ		12 S		12 S		12 Þ	Þriðjudagurinn	12 F		12 M	Þriðjudagurinn	12 Þ	Þriðjudagurinn	12 F	Opb			12 M	
13 L		13 M		13 F	Opb	13 M		13 M		13 L		13 Þ	Þriðjudagurinn	13 M		13 L		13 M		13 F	
14 S		14 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	14 L		14 Þ	Þriðjudagurinn	14 F		14 S		14 M	Þriðjudagurinn	14 F		14 S		14 Þ	Þriðjudagurinn	14 F	
15 M		15 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	15 S		15 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	15 F		15 M		15 F		15 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	15 M		15 M		15 L	
16 Þ		16 L		16 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	16 F		16 L		16 Þ	Þriðjudagurinn	16 F		16 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	16 M		16 F		16 S	
17 M		17 S		17 Þ	Þriðjudagurinn	17 S		17 M		17 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	17 S		17 M		17 M		17 F		17 M	Samfundsgætt / Samfundshelga
18 F		18 M		18 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	18 L		18 M		18 F		18 S	Samfundsgætt / Samfundshelga	18 M		18 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	18 L		18 Þ	
19 F		19 Þ	Þriðjudagurinn	19 F		19 S		19 Þ	Þriðjudagurinn	19 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	19 M		19 S	Samfundsgætt / Samfundshelga	19 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	19 S	Samfundsgætt / Samfundshelga	19 M	
ÁGÚST '23																					
20 M		20 M		20 F		20 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	20 M		20 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	20 M		20 M		20 L		20 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	20 F	
21 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	21 F		21 L		21 Þ	Þriðjudagurinn	21 F		21 S		21 M		21 F		21 S		21 Þ	Þriðjudagurinn	21 F	
22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 F	Opb	22 M		22 F		22 F		22 M		22 M		22 L	
23 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	23 L		23 M		23 F		23 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	23 Þ	Þriðjudagurinn	23 F		23 L		23 Þ	Þriðjudagurinn	23 F		23 S	
24 F		24 S		24 Þ	Þriðjudagurinn	24 F		24 S	Samfundsgætt / Samfundshelga	24 M		24 L		24 S		24 M		24 F		24 M	
25 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	25 M		25 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	25 L		25 M		25 F		25 S		25 M		25 S		25 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	25 Þ	
26 L		26 Þ	Þriðjudagurinn	26 F		26 S		26 Þ	Þriðjudagurinn	26 F		26 M		26 L		26 Þ	Þriðjudagurinn	26 S		26 M	Samfundsgætt / Samfundshelga
27 S		27 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	27 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	27 M		27 L		27 L	Samfundsgætt / Samfundshelga	27 M		27 M		27 L		27 M		27 F	
28 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	28 F		28 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	28 Þ	Þriðjudagurinn	28 F		28 S		28 M		28 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	28 S		28 Þ	Þriðjudagurinn	28 F	
29 Þ	Samfundsgætt / Samfundshelga	29 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	29 S		29 M		29 F		29 M	Samfundsgætt / Samfundshelga	29 F		29 F	Samfundsgætt / Samfundshelga	29 M		29 M		29 L	
30 M		30 L		30 M		30 F		30 L		30 Þ	Þriðjudagurinn	30 F		30 L		30 Þ	Þriðjudagurinn	30 F		30 S	
31 F			31 S	Samfundsgætt / Samfundshelga		31 S	Samfundsgætt / Samfundshelga			31 M	Samfundsgætt / Samfundshelga			31 S	Samfundsgætt / Samfundshelga			31 F	Samfundsgætt / Samfundshelga		

Föstudagsopnir eru annan hvern föstudag, með fyrirvara um breytingar. Færðar opnir í maí.
Blár - Félkó víðburðir. Appelsínugulur - Samfés víðburðir. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjölublar - föstudagsopnir. Ljósgrænn - fridagar í skólum. Rauður - fundir.
Vantar: Hinsegin opnir og aðra klúbba



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is





Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

September

2023

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
28. ÁGÚST VELKOMIN AFTUR Í KÚLUNA 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00	29. ÁGÚST 12:15 - 15:00 OPIÐ	30. ÁGÚST 17:00-18:30 TRÚNÓ OG TEIKNINGAR 19:30-22:00 8. BEKKJARKVÖLD	31. ÁGÚST 12:15 - 14:30 OPIÐ	1. 19:30-22:45 PÓCÓ
4. STINGERMÓT 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00	5. 12:15 - 15:00 OPIÐ	6. OPIÐ HÚS 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00 OPIÐ HÚS	7. 12:15 - 14:30 OPIÐ	8. LOKAÐ
11. OPIÐ HÚS 17:00-18:30 19:30-22:00 ÍSFERÐ	12. 12:15 - 15:00 OPIÐ	13. OPIÐ HÚS 17:00-18:30 19:30-22:00 WATER PONG	14. LOKAÐ	15. 19:30-22:45 HVER VEIT OPNUN
18. HJARTSLÁTTUR 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00	19. 12:15 - 15:00 OPIÐ 	20. OPIÐ HÚS 17:00-18:30 19:30-22:00 NAMMI SMAKK	21. 12:15 - 14:30 OPIÐ	22. LOKAÐ
25. LOKAÐ - STARFSMAÑNAFUNDUR 17:00-18:30 19:30-22:00 ÍTK PEPP OG PREPP	26. 12:15 - 15:00 OPIÐ	27. ÍTK ÍÞRÓTTALEIKAR 17:00-18:30 19:30-22:00 ÍTK ÍÞRÓTTALEIKAR	28. OPIÐ 12:15 - 14:30	29. 15:00-18:00 ÍTK ÍÞRÓTTALEIKAR 20:00-22:45 ÍTK BALL

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026